

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Samstarf við þriðja aðila um vinnu- og virkniþjónustu fyrir fatlað fólk

Forsaga:

Á fundi borgarráðs þann 17. maí 2018 voru samþykktar tillögur stýrihóps um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar. Ein af tillögum hópsins, tillaga nr. 3, hljóðaði svo:

„Uppbygging verndaðra vinnustaða og hæfingartengdar þjónusta er á ábyrgð sveitarfélaga skv. lögum. Reykjavíkurborg á að sýna frumkvæði, vera leiðandi og leita fjölbreyttra leiða til að auka möguleika fólks til atvinnu og virkni. Lagt er til að Reykjavíkurborg skoði þátttöku í verkefnum á vegum einkaaðila sem stuðla að fjölbreytileika í störfum fyrir fatlað fólk sérstaklega í skapandi greinum s.s. þáttagerð, hönnun o.fl. Hér gæti framlag Reykjavíkurborgar verið að leggja fram starfsfólk og sérfræðiþekkingu og mögulega húsnæði.“

Tillögunni fylgdi svohljóðandi aðgerðaráætlun:

„Aðgerðir:

- Auglýsa eftir samstarfsaðilum til að búa til fjölbreytta vinnustaði með áherslu á skapandi störf fyrir fatlað fólk.
- Finna húsnæði sem er hægt að bjóða einkaaðilum í samstarfi.
- Fjármagn: Auglýst eftir hugmyndum og fjárhagsrammi væri 10 m.kr. á ári annað hvort í formi húsnæðis eða starfsmanns.
- Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Velferðarsvið með stuðningi mannréttindaskrifstofu.“

Í október 2019 var auglýst eftir samstarfsaðilum og var auglýsingin opin í nokkrar vikur. Aðeins ein umsókn barst en var hún afar metnaðarfull og í góðu samræmi við sýn Reykjavíkurborgar á uppbyggingu vinnu- og virkniþjónustu fyrir fatlað fólk. Samtal og samráð við umsækjanda hefur staðið yfir með hléum síðan þá, en tímalengdina má að mestu rekja til afleiðinga af Covid-19 faraldrinum.

Greinargerð:

Listvinnslan er nýr skapandi vettvangur á sviði inngildingar, menningar, menntunar og lista og var stofnuð árið 2022. Stofnun og starfsemi Listvinnslunnar er brýnt verkefni, starfsemin er atvinnuskapandi og eykur inngildingu í lista-, menningar- og atvinnulífi. Við Listvinnsluna starfar öflugt teymi listafólks sem býr yfir fjölbreyttri reynslu og þekkingu.

Markmið Listvinnslunnar eru að koma á fót listmiðstöð þar sem fatlað listafólk getur unnið daglega að listsköpun sinni og að vinna að inngildandi lista-, menningar- mennta, og atvinnulífi þar sem öll tilheyra.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Listmiðstöðvarinnar skiptist í þrjá hluta:



- Listmiðstöð: Unnið er að því að koma á fót listmiðstöð þar sem fatlað listafólk getur unnið að listsköpun og skapandi verkefnum daglega og haft af því atvinnu.
- Ráðgjöf, þjónusta og verkefni sem listafólk og starfsfólk Listvinnslunnar taka að sér fyrir einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.
- Kynningu, stuðning og umboðsstörf fyrir listafólk. Stuðningur við allt sem því fylgir að starfa sem listamanneskja.

Listvinnslan hefur þegar hafið störf og býður uppá „pop-up“ stúdíó einu sinni í viku í samfélagshúsinu í Bólstaðarhlíð. Þangað kemur listafólk og vinnur að list sinni. Listvinnslan hefur staðið fyrir viðburðum síðasta árið, m.a. gjörningi í Listasafni Reykjavíkur og ráðgjöf fyrir BÍL, Bandalag íslenskra listamanna um inngildingu og átt farsælt samstarf við List án landamæra. Listafólk sem þegar starfar með Listvinnslunni hefur fengið aðstoð við að selja verk sín og taka þátt í sýningum.

Miðstöð af þessu tagi er mikilvæg viðbót við þá möguleika sem fatlað fólk hefur til þátttöku í lista- og atvinnulífi í Reykjavík og mun stuðla að auðugra og inngildandi lista- og atvinnulífi. Listmiðstöðin verður skapandi vinnustaður þar sem skapandi fólk hefur færi á að koma sér upp starfsvettvangi og atvinnu byggða á hæfileikum sínum, auk þess að afla sér tekna. Miðstöðin mun stuðla að nýsköpun, eiga í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir atvinnulífsins og hvetja til aukinnar þátttöku í menningarlífinu. Miðstöðin mun markvisst stuðla að fjölbreyttara og betra samfélagi, aukinni þekkingu og inngildingu ásamt því að skapa störf og vettvang fyrir allskonar listafólk.

Umsækjandi býr að mikilli reynslu og þekkingu á sviði miðstöðvarinnar og hefur heimsótt og kynnt sér starfsemi listmiðstöðva og skóla fyrir fatlað fólk. Það eru, Creative Growth í Oakland í Kaliforníu, Glad samtökin í Danmörku og Tv-Glad, GAIA-Outsider art safn og listmiðstöð og BIFROST vinnustofur fatlaðs fólks, bæði í Randers í Danmörku.

Miðstöðin hefur stuðning frá Átaki, félagi fólks með þroskahömlun, Landssamtökunum Þroskahjálp og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð og fylgja meðmælabréf frá öllum samtökum með bréfi þessu.

Umsækjandinn:

Margrét M. Norðdahl er með BA í myndlist og MA í listkennslufræðum. Hún hefur starfað að inngildingu í listalífinu frá árinu 2005 á ólíkum vettvangi. Sem framkvæmdastýra Listahátíðarinnar List án landamæra 2005 - 2013 og stjórnarkona þar frá 2013. Sem stjórnarkona í Safnasafninu frá 2014. Sem kennari hjá Fjölmennt símenntun og þekkingarmiðstöð frá árinu 2011, sem kennari og deildarstjóri í Myndlistaskólanum í Reykjavík í námi fyrir nemendur með þroskahömlun frá árinu 2014 og stundakennari við LHÍ þar sem hún kennir MA nemum námskeiðið *Listkennsla nemenda með ólíka færni* frá árinu 2015. Í MA rannsókn sinni gerði hún eigindlega rannsókn á stöðu listafólks með þroskahömlun. Margrét er handhafi hvatningarverðlauna ÖBÍ í flokki einstaklinga fyrir að tengja saman listsköpun fatlaðra og ófatlaðra með listahátíðinni List án landamæra. Hún hefur fengið Múrbrjót Þroskahjálpar í tvígang með List án landamæra og Diplómanámi í myndlist við Myndlistaskólann í Reykjavík og Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar með List án landamæra.

Húsnæði:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar myndi leggja til húsnæði sem uppfyllir öll nauðsynleg skilyrði, m.a. varðandi stærð húsnæðis og hentugleika þess fyrir skapandi starfsemi, aðgengi fyrir alla o.fl. Einnig kæmi til greina að velferðarsvið Reykjavíkurborgar myndi greiða niður leigukostnað ef umsækjandi myndi finna annað húsnæði sem hentaði starfseminni.



Samantekt:

Á undanförunum árum hafa kröfur sem varða atvinnumöguleika og virka samfélagsþátttöku fatlaðs fólks aukist og má það rekja til baráttu fatlaðs fólks fyrir réttindum sínum. Einnig hefur samningur SP um réttindi fatlaðs fólks haft mikil áhrif og mun halda áfram að gera það næstu árin. Atvinnu- og virknimál fatlaðs fólks hafa að mörgu leyti setið á hakanum þegar kemur að frampróun og aðlögun að breytingum á þjónustu og þjónustuformi en mikilvægt er að þjónustan komi til móts við notendur. Fatlað fólk gerir kröfur um fjölbreytni, sveigjanleika og möguleika á að geta nýtt hæfileika sína. Á næstu árum mun fjölga í þeim hópi sem þarf á vinnu- og virkniþjónustu að halda og við því verður að bregðast. Með því að gera samning við Margréti munu tækifæri fatlaðs fólks aukast til að sinna vinnu og virkni við hæfi og fá útrás fyrir listræna sköpun. Hugmynd Margrétar er byggð á starfsemi sem nú þegar er fyrir hendi í öðrum löndum og hefur gefist vel. Jafnframt verður miðstöðin þróuð með notendum hennar sem þar starfar en mikilvægt er að fólk með þroskahömlun komi að því að þróa sinn eigin starfsvettvang. Reykjavíkurborg á að vera leiðandi þegar kemur að þróun þjónustu við fatlað fólk og væri listmiðstöðin tilvalin viðbót við þá þróun sem er í gangi í vinnu- og virkniþjónustu.

Kostnaður vegna samnings um fyrirhugað samstarf rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2024.

Fylgiskjöl:

Meðmælabréf frá Landssamtökunum Þroskahjálp, dags. 6. október 2023

Meðmælabréf frá Fjölmennt, dags. 9. október 2023